

Landgræðsluáætlun

Lýsing fyrir gerð landgræðsluáætlunar.



Verkefnisstjórn um landgræðsluáætlun. Janúar 2020

Lýsing fyrir gerð landgræðsluáætlunar.

Verkefnisstjórn: Árni Bragason, Ása L. Aradóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Tryggvi Felixson.

Starfsfólk Landgræðslunnar:

Þórunn Pétursdóttir, Árni Eiríksson, Guðmundur Halldórsson.

Forsíðumynd: Endurheimt vistkerfa í Bolholti á Rangárvöllum. Ljósmyndir: Áskell Þórisson.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Forsendur og viðfangsefni	4
Stöðumat/grunnástand	6
Tengsl við aðrar áætlanir	7
Vinnuferlið	9
Samráð vegna landsáætlunar og umhverfismats hennar	10
Umhverfismat áætlana	11
Matslýsing	12
Framkvæmd og eftirfylgni	13

Inngangur

Samkvæmt 6.gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 skal vinna landgræðsluáætlun til 10 ára í senn. Í áætluninni skal kveðið á um framtíðarsýn og stefnu stjórnvalda í landgræðslu með hliðsjón af markmiðum laganna. Í samræmi við ofangreind lög skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra verkefnisstjórn sem hefur yfirumsjón með gerð landgræðsluáætlunarinnar (bréf dags. 28/06 '19). Starfsfólk Landgræðslunnar mun veita verkefnisstjórninni aðstoð og sérfræðiráðgjöf. Samkvæmt lögum um landgræðslu skulu fimm aðilar skipa stjórn verkefnisins. Landgræðslustjóri er formaður verkefnisstjórnarinnar, einn aðili er tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þrír eru skipaðir af ráðherra, án tilnefningar. Að minnsta kosti tveir þeirra aðila sem ráðherra skipar skulu hafa fagþekkingu á málefnasviði landgræðslu. Þar sem mikil tengsl eru á milli landgræðsluáætlunar og landsáætlunar í skógrækt, sem einnig er verið að vinna þessi misserin, ætlast ráðherra til að verkefnisstjórn um gerð landgræðsluáætlunar hafi samráð eins og þurfa þykir við verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar í skógrækt til að tryggja samræmingu vinnulags og viðfangsefna. Verkefnisstjórn landgræðsluáætlunar vinnur í umboði ráðherra og skilar tillögum að áætluninni til hans. Ráðherra skal samræma landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt samkvæmt lögum um landgræðslu og lögum um skóga og skógrækt. Landgræðsluáætlun tekur gildi með samþykki ráðherra, en áður en það er gert skal ráðherra kynna innihald hennar fyrir þeirri nefnd Alþingis sem fer með málefni landgræðslumála.

Verkefnisstjórn er þannig skipuð:

Árni Bragason, landgræðslustjóri, formaður

Ása L. Aradóttir, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands

Guðrún Tryggvadóttir, formaður Bændasamtaka Íslands

Tryggvi Felixson, auðlindahagfræðingur

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi, skipuð af Sambandi ísl. sveitarfélaga

Þórunn Pétursdóttir, landgræðsluvistfræðingur, Árni Eiríksson, verkefnastjóri og Guðmundur Halldórsson sérfræðingur starfa með verkefnisstjórninni.

Í upphafi vinnunnar skal verkefnisstjórn taka saman lýsingu á verkefninu og gera grein fyrir þeim áherslum sem fyrirhugað er að hafa við gerð landgræðsluáætlunar. Þar má nefna forsendur áætlunarinnar, viðfangsefni hennar og fyrirhugaða kynningu og samráð við mótun stefnunnar. Lýsing verkefnisstjórnar á gerð landgræðsluáætlunar skal kynnt opinberlega og skal almenningi gefinn að lágmarki sex vikna frestur til að koma athugasemdum á framfæri.

Gerð landgræðsluáætlunarinnar fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætla. Slíkt mat ber að vinna fyrir áætlanir sem eru undirbúnar og samþykktar af stjórnvöldum, unnar samkvæmt lögum og marka stefnu fyrir framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000. Fyrsta skref í ferli umhverfismats áætla er gerð

matslýsingar. Í henni skal vera: Yfirlit um efni áætlunar; tengsl við aðrar áætlanir; upplýsingar um grunnástand; umhverfispættir; þættir sem eru taldir valda áhrifum, og viðmið og umhverfisverndarmarkmið. Í matslýsingunni skal einnig vera umfjöllun um matsferlið og samráðsaðila.¹

Þar sem verkefnislýsingu landgræðsluáætlunarinnar og innihaldi umhverfismats áætlunarinnar ber að miklu leyti saman, var ákveðið að vinna þær samhliða og setja hér fram í einu skjali.

Forsendur og viðfangsefni

Í fyrstu grein landgræðslulaga nr. 155/2018 kemur skýrt fram að markmið laganna sé að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Það felur í sér mjög umfangsmikil viðfangsefni, sem í annarri og þriðju grein landgræðslulaganna er skipt niður á eftirfarandi undirmarkmið:

2. gr. Markmið um vernd og sjálfbæra nýtingu lands.

Til að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu lands skal stefnt að því að:

- a. nýting lands taki mið af ástandi þess og stuðli að viðgangi og virkni vistkerfa,
- b. stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs,
- c. komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi,
- d. hver sá sem veldur spjöllum á gróðri og jarðvegi bæti fyrir það tjón,
- e. nýting lands verndi líffræðilega fjölbreytni og orku- og næringarforða og nauðsynlega jarðvegseiginleika fyrir virkni vistkerfisins,
- f. auka þátttöku almenninga og hagsmunaaðila í stefnumótun og aðgerðum sem varða gróður- og jarðvegsvernd,
- g. auka þekkingu á mikilvægi jarðvegs og gróðurs og sjálfbærrar nýtingar lands,
- h. fram fari reglubundin vöktun á gróðurlendi, jarðvegi og landnýtingu.

3. gr. Markmið um endurheimt og uppbyggingu vistkerfa á landi.

Til að efla vistkerfi landsins skal stefnt að því að:

- a. byggja upp og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast og líffræðilega fjölbreytni þeirra,
- b. auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gagnvart náttúrulegum áföllum og náttúruvá,
- c. auka kolefnisbindingu með endurheimt vistkerfa,
- d. virkja almenning og hagsmunaaðila til þátttöku í endurheimt og uppbyggingu vistkerfa.

Í 6. grein laga um landgræðslu nr. 155/2018 kemur fram að í landgræðsluáætlun skuli kveðið á um framtíðarsýn og stefnu stjórnvalda í landgræðslu með hliðsjón af markmiðum landgræðslulaganna. Við gerð áætlunarinnar skal einnig horfa til þess að nýta betur mannafla og fjármagn og að innihald hennar verði samþætt við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á þessu sviði. Verkefnisstjórn landgræðsluáætlunar er ætlað að hafa samráð við verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar í skógrækt til að tryggja samræmingu vinnulags og viðfangsefna, sérstaklega þeirra sem skarast á milli áætlananna.

¹ Skipulagsstofnun 2010. Leiðbeiningablað 10. Umfang og áherslur í Umhverfismati (2.útg).

Samkvæmt lögunum skal áætlunin fjalla um:

- a) Hvernig skuli stuðla að framförum í mati á jarðvegsvernd.
- b) Hvernig gæði landsins séu best varðveitt.
- c) Hvernig nýting lands geti sem best stutt við atvinnu og byggðir í landinu, í takt við markmið stjórnvalda.
- d) Hvernig best sé að efla og endurheimta röskuð vistkerfi.
- e) Setja fram tillögur um breytingu á nýtingu lands þar sem það á við (t.d. friðun fyrir ákveðinni landnýtingu o.s.frv.).

Í skipunarbréfi verkefnisstjórnarinnar leggur umhverfis- og auðlindaráðuneytið áherslu á að áætlunin innihaldi einnig eftirfarandi þætti:

1. Umfjöllun um hvernig markmiðum landgræðslulaga skuli náð.
2. Sett verði fram langtíma framtíðarsýn með skilgreindum aðgerðum.
3. Sett verði fram markmið og aðgerðaáætlun með skilgreindum mælikvörðum á árangur.
4. Sérstök áhersla verði lögð á endurheimt vistkerfa á stórum samfelldum svæðum, einkum birki- og víðikjarrs og endurheimt votlendis.
5. Sérstök áhersla verði lögð á hvernig ná megji sjálfbærri nýtingu lands.
6. Dragi fram samlegð með endurheimt vistkerfa og markmiða á friðlýstum svæðum.
7. Hvernig auka megji nýtingu lífrænna efna til landgræðslu.
8. Hlutverk landgræðslu í samhengi loftslagsmála og líffræðilegrar fjölbreytni.
9. Tegundanotkun í landgræðslu og hvernig megji tryggja að ekki verði notaðar ágengar framandi tegundir sem numið geta land og dreift sér.
10. Skoða þarf sérstaklega hvernig auka megji þátttökunálgun í landgræðslustarfinu með einstaklingum, félagasamtökum, sjálfbóðaliðum o.fl.
11. Umfjöllun um hvernig megji útfæra samstarf á milli einkaaðila og ríkisins við landgræðslu.

Í landgræðsluáætluninni verður fjallað sérstaklega um hvert atriði sem listað er hér ofar og þau greind nánar út frá t.a.m. forsendum, stefnu, markmiðum, aðgerðum og árangursvísum áætlunarinnar. Ástæða er til að taka sérstaklega fram að Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað áratuginn 2021-2030 (tímabilið sem áætlunin mun ná til) endurheimt vistkerfa og full þörf á að hafa helstu markmið Sp til hliðsjónar við gerð landgræðsluáætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórnin skili tillögum að landgræðsluáætlun til ráðherra fyrir 1. september 2020.



Stöðumat/grunnástand

Stöðumatið mun snúa fyrst og fremst að þeim atriðum sem koma fram í áherslum laganna og ráðuneytisins. Matið þarf að byggja á kerfisgreiningu málaflokksins alls, út frá vistfræðilegum (ástandi lands, legu þess, veðurfarsaðstæðum o.s.fr.), samfélagslegum (landnýtingu, vinnulagi, aðferðafræði, samstarf o.s.fr.) og hagrænum (kostnaði við núverandi kerfi o.s.fr.) forsendum. Notast verður við nágildandi lög og reglugerðir og fjölbreytt útgefið efni til að vinna stöðumatið, t.d. skýrslur og ritrýndar greinar sem fjalla um landgræðslutengt efni.

Helstu upplýsingar sem nýtast við gerð stöðumatsins má finna í eftirfarandi efni:

- [Lög um landgræðslu](#) nr. 155/2018
- Skýrslan *Héraðsáætlanir* sem Landgræðslan gaf út árið 2015. Í henni er helstu rofsvæðum landisins forgangsraðað eftir ástandi og áætlaðri þörf á landgræðslu- og endurheimtaraðgerðum. Í skýrslunni koma einnig fram upplýsingar um staðsetningu þessara svæða, stærðir og eignarhald.

[Héraðsáætlanir 2015 Inngangur](#)

[Héraðsáætlanir 2015 Vesturland og Vestfirðir](#)

[Héraðsáætlanir 2015 Norðurland vestra](#)

[Héraðsáætlanir 2015 Norðurland eystra](#)

[Héraðsáætlanir 2015 Austurland](#)

[Héraðsáætlanir 2015 Suðurland](#)

- Skýrslan [Endurheimt votlendis - aðgerðaáætlun](#) sem gefin var út á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins árið 2016. Í skýrslunni er fjallað um framræst votlendi og möguleika á endurheimt þess.
- Ritið [Vistheimt á Íslandi](#) sem kom út á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslunnar árið 2011. Í því er fjallað um vistfræðilegar og samfélagslegar forsendur landgræðslu- og endurheimtarverkefna hérlandis og öll endurheimtarverkefni, frá 1907 fram til útgáfu ritsins, listuð upp og útskýrð í stuttu máli
- Stefna Landgræðslunnar [Auðlindir, arfleifð og lífsgæði](#) fyrir tímabilið 2008 – 2020 sem kom út árið 2007. Í stefnunni voru helstu starfsmarkmið stofnunarinnar flokkuð undir fjóra meginþætti: Gróður, jarðvegur og náttúra; endurheimt vistkerfa; fólk og lífsgæði; sjálfbær landnýting.
- Skýrslan [Landnotkun í dreifbýli og sjálfbær landnýting](#) sem kom út á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins árið 2015. Í henni er fjallað um hvernig leggja meg mat á sjálfbærni landnýtingar fyrir mismunandi landnotkun, settar fram tillögur um viðmið og birt yfirlit yfir mælikvarða sem nýta má í þeim tilgangi.

- [Landnotkun í dreifbýli og sjálfbær landnýting](#). Áfangaskýrsla, mars 2014.
- Skýrslan [Lífrænn úrgangur til landgræðslu](#) sem kom út á vegum Landgræðslunnar árið 2017. Í henni er fjallað um leiðir til að auka nýtingu á lífrænum úrgangi til landgræðslu.
- Tillögur starfshóps á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá árinu 2013: [Beitarstjórnun og bætt landnýting](#)
- Skýrslan [Vernd og endurheimt birkiskóga](#) sem kom út árið 2007.
- Skýrsla frá árinu 2017 [The Global Land Outlook - first edition](#), gefin út af UNCCD (Samningurinn um varnir gegn eyðimerkurmyndun).
- Skýrsla frá árinu 2018 *The IPBES assessment report on land degradation and restoration*, gefin út af IPBES (the Intergovernmental Science-Policy Platform on Biodiversity and Ecosystem Services). [The IPBES assessment report on land degradation and restoration](#)
- Skýrsla frá árinu 2019 [Summary for policymakers of the global assessment report on biodiversity and ecosystem services of the Intergovernmental Science-Policy Platform on Biodiversity and Ecosystem Services](#)
- [United Nations Decade on Ecosystem Restoration \(2021-2030\)](#).
- Skýrsla Ólafs Arnalds frá árinu 2019, [Á röngunni. Alvarlegir hnökrar á framkvæmd landnýtingarþáttar gæðastýringar í sauðfjárrækt](#) Rit Lbhí nr. 118.

Tengsl við aðrar áætlanir

Landgræðsluáætlun mun tengjast ýmsum öðrum áætlunum ríkis og sveitarfélaga. Í áætluninni verður tengslunum við aðrar áætlanir lýst og sett fram sýn um hvernig hægt væri að bæta þau og sambætta til framtíðar. Helstu aðrar áætlanir eru:

- *Skipulagsáætlanir sveitarfélaga* – Tengsl landgræðsluáætlunar við svæðis-, aðal-, og deiliskipulagsáætlanir sveitarfélaga verða einkum í gegnum svæðisáætlanirnar sem verða gerðar í kjölfar landgræðsluáætlunarinnar.
- *Landsáætlun í skógrækt* – Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt eru í mótun samhliða. Ætlast er til að þær verði unnar í samráði verkefnastjórnanna sem leiða gerð þeirra. Um samræminguna verður fjallað á sameiginlegum fundum verkefnisstjórna beggja áætlana.
- [Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum](#) – Landgræðsluáætlun mun að hluta byggja á aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og öðrum áætlunum sem henni tengjast.
- [Bætt landnýting í þágu loftslagsmála – Júlí 2019](#).


- [Landskipulagsstefna](#) – Landgræðsluáætlun tengist einkum 2. kafla í nágildandi landsskipulagsstefnu sem fjallar um skipulag í dreifbýli og verður tekið mið af því sem þar kemur fram og snertir landgræðslu og sjálfbæra landnýtingu. Einnig gæti útkoma vinnu við landgræðsluáætlun haft áhrif á innihald endurskoðaðrar landsskipulagsstefnu. Skipulagsstofnun er að vinna viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu. Í viðaukanum verður sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu. Landgræðsla og sjálfbær landnýting tengist öllum þessum atriðum og gert er ráð fyrir að verkefnisstjórnin muni vinna að þeim í samráði við Skipulagsstofnun.
- [Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024](#) – Áherslur landgræðsluáætlunar munu taka mið af Byggðaáætlun, einkum köflum um atvinnuppbyggingu og sjálfbæra þróun.
- [Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni](#) – Áherslur áætlunarinnar munu taka mið af stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni.
- Um aðrar áætlanir verður fjallað eftir því sem ábendingar berast og tilefni er til.

Taka þarf tillit til þess að landgræðsluáætlunin stuðli að því að Ísland uppfylli skuldbindingar sínar í þeim samningum sem landið hefur þegar gert á alþjóðavettvangi. *Helstu alþjóðasamningar, fjölþjóðasamstarf og viðmið* sem verða höfð til hliðsjónar við gerð landgræðsluáætlunar eru:

- [Loftslagssáttmáli Sameinuðu þjóðanna](#) og samþykktir hans
- [Eyðimerkursáttmáli Sameinuðu þjóðanna](#)
- [Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni](#)
- Bernarsamningurinn um vernd plantna og dýra og búsvæða þeirra
- Lífríkisvernd á norðurslóðum (CAFF)
- Ramsarsamningurinn um vernd votlendissvæða
- [Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#)
- [Viðmið og staðlar alþjóðlegu vistheimtarsamtakanna](#) *SER International Principles and Standards for the Practice of Ecological Restoration*
- [Vistkerfanálgunin \(The Ecosystem approach\)](#) sem samningurinn um líffræðilega fjölbreytni (CBD) hefur stuðst við í sinni vinnu allt frá árinu 1995. Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin *IUCN* og ýmsar stofnanir Sp nýta hana einnig í sinni vinnu
- [Landslagsnálgunin \(the landscape approach\)](#) snýst um að ná vistfræðilegu og samfélagslegu jafnvægi í landnýtingu, til bóta fyrir lífsgæði mannfólks og fyrir umhverfið. Nálgunin felur í sér að búa til (landnýtingar)lausnir sem taka matvælaframleiðslu og afkomumöguleika, fjármál, réttindi og endurheimt vistkerfa með í áætlanagerð samhliða því að uppfylla loftslags- og þróunartengd markmið
- [Bonn áskorunin](#), sem er alþjóðlegt átak til að endurheimta 150 milljón hektara af skógi á landi þar sem skógi hefur verið eytt fyrir árið 2020 og 350 milljónir hektara árið 2030

Vinnuferlið

Vinna við landgræðsluáætlun hefst með gerð þeirrar verk- og matslýsingar sem hér er sett fram til kynningar, sem liður í samráði um áherslur og nálgun. Lýsingin verður lögð fram til kynningar og athugasemda í Samráðsgátt stjórnarráðsins í janúar 2020. Vinnuferli áætlunargerðarinnar skiptist í nokkra verkþætti. Það hófst á gerð þessarar verkefnislýsingar sem fylgt verður eftir með stöðumati. Út frá stöðumatinu verður unnin framtíðarsýn (valkostagreining) og sett fram mælanleg markmið um hvaða breytingum á ástandi lands er stefnt á að ná fyrir 2030, hvernig á að gæta þess að vernda óraskað land og hvaða stjórnsýslukerfi/verkfæri þurfi að vera til staðar svo framsett markmið náist og fjármagn nýtist sem best. Þegar drög landgræðsluáætlunarinnar liggja fyrir verða þau lögð fram til kynningar og athugasemda í Samráðsgátt stjórnarráðsins. Þegar búið verður að taka tillit til innsendra athugasemda verður áætluninni skilað til ráðherra. Ráðherra mun samþætta innihald hennar við landsáætlun í skógrækt og að því loknu verður áætlunin samþykkt með formlegum hætti af umhverfis- og auðlindaráðherra. Síðan tekur við framkvæmd áætlunarinnar sem verður fylgt eftir með vöktun og mati á árangri framsettra markmiða. Eftir fimm ár verður áætlunin endurskoðuð og vinnuferlið hefst á ný með stöðumati og valkostagreiningu.



Vinnuferlið hófst formlega þann 28.júní 2019 þegar ráðherra skipaði verkefnisstjórn landgræðsluáætlunarinnar. Stjórnin fundaði í fyrsta skipti í september 2019. Eins og kemur fram í bjálkaritinu hér að neðan þá er áætlað að verkefnislýsingin liggi fyrir í janúar 2020 og verði í opinni kynningu í Samráðsgáttinni fram í seinnipart febrúar. Í janúar er áætlað að hefja vinnu við gerð stöðumatsins. Í febrúar á sú vinna að renna saman við gerð áætlunarinnar og áætlað er að fyrstu drög hennar liggi fyrir í lok maí.

Áætlunin verður unnin í nánú samráði við hagaðila yfir sama tímabil og stefnt er að drög hennar liggi frammi til kynningar í Samráðsgátt stjórnvalda, í alls sex vikur, í júní og júlí. Að því loknu verður unnið úr innsendum athugasemdum og lokadrög áætlunarinnar fullunnin, samhliða meðferð Skipulagsstofnunar á umhverfismati áætlana. Stefnt er á að skila tillögu að Landgræðsluáætlun til ráðherra, eigi síðar en 31. ágúst 2020.

<i>Landgræðsluáætlun</i>	Ág	Sept	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ág	Sept
Upphaf verkefnis 2019														
Lok verkefnis 2020														
Verkpættir														
<i>Fundir verkefnisstjórnar</i>														
<i>Lýsing unnin</i>														
<i>Lýsing kynnt</i>														
<i>Stöðumat</i>														
<i>Áætlun unnin</i>														
<i>Fundir með hag- og samstarfsaðilum</i>														
<i>Drög að áætlun kynnt á samráðsgátt</i>														
<i>Skipulagsstofnun v mats á umhv áhr</i>														
<i>Unnið úr athugasemdum</i>														
<i>Tillaga að áætlun afhent ráðherra</i>														

Samráð vegna landsáætlunar og umhverfismats hennar

Kynning verkefnislýsingar markar upphaf samráðs við gerð Landgræðsluáætlunar. Lýsingin verður sett á Samráðsgátt stjórnarráðsins í janúar 2020 til kynningar. Hún mun birtast þar í sex vikur og á þeim tíma gefst öllum tækifæri til að koma skriflegum ábendingum til verkefnisstjórnar í gegnum Samráðsgáttina. Vinna við gerð landgræðsluáætlunarinnar mun fara fram í opnu ferli og miklu samráði við hagaðila í gegnum fundi og skriflegar óskir um ábendingar. Þá verður jafnframt vakin athygli á vinnunni með kynningarfundum, í samfélagsmiðlum og með fréttatilkynningum og auglýsingum í fjölmiðlum.

Helstu hagaðilar sem mun verða boðið sérstaklega að taka þátt í vinnuferlinu með verkefnisstjórn eru eftirfarandi:

Ríkisstofnanir, ríkisfyrirtæki og aðrir opinberir aðilar:

- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Landshlutasamtök sveitarfélaga
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Skipulagsstofnun
- Skógræktin
- Umhverfisstofnun

- Vatnajökulsþjóðgarður
- Þingvallabjóðgarður
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofur sveitarfélaganna
- Landbúnaðarháskóli Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Landsvirkjun
- Vegagerðin
- Byggðastofnun
- Loftslagsráð
- Grænvangur: Samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífsins um loftslagsmál og grænar lausnir

Félög og samtök

- Hið íslenska Náttúrufræðifélag
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Staðbundin náttúruverndarsamtök
- Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs
- Staðbundin landgræðslufélög
- Vistfræðifélag Íslands
- Fuglavernd
- Landvernd
- Bændasamtök Íslands
- Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
- Landssamtök sauðfjárbænda
- Landssamtök hestamanna
- Samtök atvinnulífsins
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samorka

Umhverfismat áætlana

Landgræðsluáætlun er háð lögum um umhverfismat áætlana og matið því samþætt mótun stefnunnar. Verður þar fylgt [leiðbeiningum Skipulagsstofnunar](#), í nánú samstarfi við þá stofnun. Umhverfismatið nýtist til þess að velja á milli þeirra kosta sem settir verða fram við mótun stefnunnar. Kostirnir verða metnir með því að bera þá saman við valin umhverfisviðmið, til að mynda úr lögum um landgræðslu nr. 155/2018, úr heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og úr SER viðmiðunum.

Matslýsing

Samkvæmt skilgreiningu í lögum um umhverfismat áætlana eru umhverfispættir eftirfarandi: Samfélag, heilbrigði/lýðheilsa, dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, landslag og samspil þessara þátta. Í verkferlinu verður unnin greining á þeim þáttum og fjallað um þá sem áætlað er að jarðvegsvernd, endurheimt vistkerfa og bætt/sjálfbær landnýting geti haft áhrif á.

Eftirfarandi umhverfispættir verða hafðir til hliðsjónar:

- Atvinna/byggðamál (s.s. samfélag)
- Ásýnd lands/útsýni (s.s. landslag, jarðmyndanir og samfélag)
- Áhrif á vatnafar, vatnsmiðlun og vatnsgæði (s.s. samfélag, heilbrigði, landslag, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur)
- Notkun innfluttra tegunda (s.s. líffræðileg fjölbreytni, landslag, plöntur og dýr)
- Loftslag/kolefnisbinding (s.s. líffræðileg fjölbreytni, landslag, samfélag)
- Áhrif á veðurfar (s.s. landslag, vatn, jarðvegur, loft)
- Áhrif á lífríkið (s.s. líffræðileg fjölbreytni, plöntur, dýr, heilbrigði)
- Loftgæði (s.s. heilbrigði, landslag, veðurfar, samfélag)
- Útivist (s.s. landslag, veðurfar, menningararfleifð, jarðmyndanir, heilbrigði)

Rituðum heimildum um áhrif jarðvegsverndar/endurheimtar vistkerfa/bættrar landnýtingar á ofan nefnda umhverfispætti verður safnað saman samfara greiningarvinnu og stöðumati landsáætlunarinnar og efnið unnið í skýrslu um stöðu þekkingar ásamt heimildalista. Sérfræðingar Landgræðslunnar munu gera það og leggja fyrir verkefnisstjórn til samþykktar. Samhliða samráði um áætlunina verður samráðsaðilum gefinn kostur á að rýna skýrsluna um umhverfisáhrifin og gera athugasemdir við hana. Þannig munu t.d. bæði fagstofnanir og hagsmunasamtök koma að ritrýni umhverfismatsins. Þeim, ásamt almenningi, gefst svo aftur kostur á að koma með athugasemdir í kynningarferli landsáætlunar og umhverfismats hennar seinnipart sumars 2020.

Aðgerðir sem miða að aukinni jarðvegsvernd/endurheimt vistkerfa/sjálfbærri landnýtingu verða bornar saman við núll-kost (óbreytt ástand). Í forsendum verður miðað við markmið laga um landgræðslu nr. 155/2018.

Valkostirnir verða metnir eftir því hversu vel þeir samræmast skilgreindum markmiðum landgræðslulaga nr. 155/2018 og völdum umhverfisviðmiðum. (t.a.m. úr viðmiðum vistkerfanálgunarinnar, landslagsnálgunarinnar og/eða SER Standards). Markmiðin/viðmiðin verða einnig tengd viðeigandi heimsmarkmiðum Sp.

Gert er ráð fyrir að matið byggji á fjórum eftirfarandi einkunnum:

Áhrif	Tillaga að sýn og markmiðum
„Jákvæð áhrif“	Styður viðkomandi umhverfisviðmið
„Óveruleg áhrif“	Hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið
„Neikvæð áhrif“	Vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði
„Óviss áhrif“	Óvíst um tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið

Allir umhverfispættirnir sem listaðir eru hér ofar (og hugsanlega fleiri) verða metnir út frá þessum forsendum. Einnig verður fjallað um möguleg skammtíma- og langtímaáhrif aðgerðanna, sem og óbein áhrif þeirra á hvern umhverfisþátt. Samhliða gerð stöðumats og valkostagreiningar landgræðsluáætlunarinnar, verður heimildum sem fjalla um áhrif jarðvegsverndar/endurheimtar vistkerfa/sjálfbærrar landnýtingar á ofantalda umhverfisþætti safnað í skýrslu um stöðu þekkingar. Samráðsaðilum verður gefinn kostur á að rýna skýrslurnar og gera athugasemdir við þær. Allir munu svo geta komið með athugasemdir í gegnum kynningarferli áætlunarinnar og umhverfismats hennar seinnipart sumars 2020.

Við mótun tillögu að stefnu verður lagt mat á umhverfisáhrif ólíkra kosta með því að bera þá saman við markmiðin/umhverfisviðmiðin. Til þess verða skilgreindir umhverfisvísar, mælanlegir þættir sem gefa til kynna hversu mikil eða víðtæk áhrif jarðvegsverndar, endurheimtar vistkerfa og bættrar landnýtingar séu líkleg til að vera á viðkomandi umhverfisþætti.

Þeir umhverfisvísar sem unnið verður með við einkunnagjöf eru m.a.:

- Áhrif aðgerða á virkni og fjölbreytileika vistkerfa
- Áhrif aðgerða á seiglu vistkerfa til að standast náttúruvá
- Áhrif aðgerða á bætt öryggi eða lífsgæði almennings (aukið skjól, bætt loftgæði, aukin vatnsmiðlun o.s.fr.)
- Áhrif aðgerða á útivist og náttúruupplifun ferðamanna
- Áhrif aðgerða á landslagsheildir út frá náttúruvernd
- Áhrif aðgerða á fornminjar og/eða jarðfræðiminjar
- Störf tengd jarðvegsvernd/endurheimt vistkerfa og bættri landnýtingu
- Flatarmál endurheimtaraðgerða á rofnu landi
- Áhrif aðgerða á landslag/útsýni
- Áhrif aðgerða á lífríkið, þ.m.t. fugla, plöntur, smádýralíf og vatnalíf
- Áhrif á ágengni innfluttra tegunda
- Áhrif á varanleika kolefnisbindingar sem hlýst af aðgerðum (bæði í jarðvegi og gróðri)
- Áhrif aðgerða á landlæsi

Framkvæmd og eftirfylgni

Eftir útgáfu landgræðsluáætlunar verður hafist handa við að framfylgja henni. Ætla má að landgræðslustjóri muni bera ábyrgð á að fylgja flestum þáttum áætlunarinnar eftir en það má vera að aðrar opinberar stofnanir geti einnig fengið formlegt hlutverk við að fylgja ákveðnum

þáttum áætlunarinnar eftir. Þá verður einnig innleidd eftirfylgni með umhverfisáhrifum áætlunarinnar eftir því sem við á. Vísar, til að meta árangur landgræðsluáætlunar, verða valdir endanlega til við gerð áætlunarinnar, í samræmi við mælanleg og tímasett markmið sem verða sett fram í henni.

Sem dæmi um mögulega árangursvísa má nefna:

- Flatarmál endurheimtra birkiskóga og víðikjarrs.
- Flatarmál endurheimts votlendis (% af núverandi framræstu votlendi).
- Flatarmál rýrs mólendis og annarra rofinna landgerða sem hafa færst úr rofflokkum 3, 4 og 5 í rofflokka 0; 1 eða 2 (skv. flokkun í rofskýrslunni frá árinu 1997).
- Flatarmál landgræðsluaðgerða á landi sem í dag er með <20% þekju.
- Flatarmál úthagabeitilands sem nýtt er á sjálfbæran hátt (% af núverandi beitolöndum).
- Kolefnisbinding á landgræðslusvæðum (endurheimt og aðrar aðgerðir).
- Fjöldi sveitarfélaga sem hafa virka áætlun um endurheimt vistkerfa.
- Fjöldi virkra þátttakanda í verkefninu Loftslagsvænni landbúnaður.
- Fjöldi endurheimtarverkefna fyrirtækja, sveitarfélaga, félagasamtaka og/eða skóla (samstarfsverkefni og önnur).
- Fjöldi og umfang endurheimtarverkefna sem miða að því að draga úr áhrifum náttúruvárs.
- Tegundaval í einstökum landgræðslu- og endurheimtarverkefnum.

Upplýsingar sem þannig verða til nýttast við endurskoðun áætlunarinnar, eigi seinna en árið 2025.



